

Ísland ljóstengt – sérstakur byggðastyrkur 2017

Fjarskiptasjóður mun úthluta 450 m.kr. til uppbyggingar sveitarfélaga á ljósleiðarakerfum árið 2017 líkt og sjóðurinn gerði vegna uppbyggingar þeirra 2016. Þessum 450 m.kr. verður skipt með hliðsjón af svæðisskiptingu landshlutasamtaka. Skipting tekur jafnframt 50% mið af fjölda styrkhæfra staða samkvæmt skilmálum Ísland ljóstengt 2017 og 50% mið af áætluðum meðaltalsstofnkostnaði til að stuðla að jafnari uppbyggingu á landsvísu en ella og koma að einhverju leyti til móts við dýrari svæðin.

Í ljósi þess að fjárhagur og aðstæður sveitarfélaga eru mismunandi hefur verið ákveðið að styrkja samkeppnisstöðu tiltekinna sveitarfélaga gagnvart umsóknum í samkeppnispott fjarskiptasjóðs. Sérstökum byggðastyrk allt að 100 m.kr. er varið til þessa verkefnis í ár.

Aðferð við val á sveitarfélögum sem fá úthlutað byggðastyrk 2017

Notast var við eftirfarandi „vog“ við samanburðarmat á aðstæðum í sveitarfélögum og fjárfestingargetu þeirra. Sveitarfélög fá þannig einkunn eða stig í samræmi við innbyrðis uppröðun þeirra á grundvelli töflu 1. Sveitarfélög sem fá fæst samanlögð stig lenda efst í forgangsröðun gagnvart byggðastyrknum. Þau sveitarfélög sem lenda efst í forgangsröðun hljóta byggðastyrks úthlutun á árinu 2017.

Tafla 1 Flokkar forgangsröðunar

Atriði	Skýring	Stutt lýsing á stigagjöf
A	Þéttleiki styrkhæfra staða og annarra bygginga (þ.m.t. sumarhúsa)	Þéttleiki styrkhæfra staða, fjöldi sumarhúsa og annarra bygginga á svæði sem hlutfall af landssvæði. Því þéttari byggð því fleiri stig Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.
B	Hlutfall íbúa ótengdir	Fjöldi íbúa ótengdir sem hlutfall af heildarfjölda íbúa í sveitarfélagi Lægra hlutfall gefur fleiri stig. Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.
C	Byggðapróun - fjöldi íbúa frá 2005 til 2015	Ekki fækkun, minna en 5% fækkun, 5-10% fækkun, 10-15% fækkun, yfir 15% fækkun. Meiri fækkun gefur færri stig. Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.
D	Ferðatími til þjónustukjarna og gæði/öryggi vegakerfis	Meðal fjarlægð frá þjónustukjarna og hlutfall vega án bundins slitlags, vegið saman. Sterkari staða - fleiri stig. Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.
E	Fjárhagsstaða sveitarfélaga	Hversu sterk er fjárhagsstaða sveitarfélaganna með tilliti til verkefnisins, sterkari staða gefur fleiri stig. Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.
F	Meðaltekjur sveitarfélags á íbúa	Meðaltekjur sveitarfélags á hvern íbúa sveitarfélags. Meiri tekjur fleiri stig. Fimm flokkar: 0-25-50-75-100 stig.

Hverjum lið er gefið vægi í samlagningu. Liðir A, B, C og D fá 10% vægi hver, liður E fær 35% vægi og liður F 25% vægi. Þannig vega fjárhagslegir þættir samtals 60%.

Nánari skýringar flokka

A Þéttleiki staða á lista og annarra bygginga (þ.m.t. sumarhúsa)

Framkvæmdasvæði skilgreint sem allt að 4 km frá áætluðum ljósleiðurum. Öll þekkt staðföng notuð. Staðir teknir út sem lenda innan við 500 metra frá þéttbýlisþekju LMI. Næst eru teknir af listanum allir staðir sem eru meira en 400 metra yfir sjávarmáli. Til afmörkunar á framkvæmdasvæði eru allir staðir teknir út sem eru yfir 4 km frá áætluðum ljósleiðurum. Því næst er reiknað hversu margir staðir eru á ferkílómetra framkvæmdasvæðis, því þéttari byggð því fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0 þar sem jafn mörg sveitarfélög eru í hverjum stigaflokki.

B Hlutfall íbúa ótengdir

Fjöldi íbúa sem búa á styrkhæfum stöðum sem hafa ekki aðgang að ljósneti eða ljósleiðara á móti heildarfjölda íbúa í sveitarfélaginu. Því hærra hlutfall íbúa sem eru tengdir því fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0 þar sem jafn mörg sveitarfélög eru í hverjum stigaflokki.

C Byggðapróun - fjölda íbúa 2005 og 2015

Þróun byggðar á árunum 2005 til 2015. Þar sem sveitarfélög hafa sameinast á tímabilinu voru lögð saman þau sveitarfélög sem nú skipa hið nýja sveitarfélag. Þar sem ekki er fækkun fást 100 stig, minna en 5% fækkun þar fást 75 stig, 5-10% fækkun gefur 50 stig, 10-15% fækkun gefur 25 stig, meira 15% fækkun gefur 0 stig.

D Ferðatími til þjónustukjarna og gæði/öryggi vegakerfis

Meðal fjarlægð frá þjónustukjarna og hlutfall vega án bundins slitlags, vegin saman. Lakari staða eða meiri fjarlægð gefa færri stig.

Meðal fjarlægð frá þjónustukjarna

Fjarlægð allra staða í verkefninu mæld frá þjónustukjarna og meðalfjarlægð staða í hverju sveitarfélagi reiknuð, því styttri fjarlægð því fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0 þar sem jafn mörg sveitarfélög eru í hverjum stigaflokki. Við mat á fjarlægð frá þjónustukjarna er miðað við fjarlægð í næsta pósthús.

Hlutfall vega án bundins slitlags

Hlutfall bundins slitlags innan sveitarfélags á móti heildarlengd vega. Því hærra hlutfall bundins slitlags því fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0 þar sem jafn mörg sveitarfélög eru í hverjum stigaflokki.

Samantekt

Stig vegna mikilla fjarlægða eru látin vega 75% á móti 25% stiga vegna hlutfalls bundins slitlags.

E Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Metin var fjárhagsleg staða sveitarfélaga og geta til að fjárfesta í verkefninu. Horft var til sjóðsstöðu, skuldahlutfalls og umfangs ljósleiðarafrankvæmda af árlegum fjárfestingum. Betri staða gaf fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0.

F Meðaltekjur sveitarfélaga

Sveitarfélögum raðað eftir heildartekjum sveitarfélags á hvern íbúa, því hærri tekjur á íbúa því fleiri stig. Stigagjöf var í þrepum 100 – 75 – 50 – 25 – 0 þar sem jafn mörg sveitarfélög eru í hverjum stigaflokki.

Styrkupp hæð

Til að dreifa byggðastyrk milli sveitarfélaga er uppfærð kostnaðaráætlun Ísland ljóstengt höfð til hliðsjónar.

- Framkvæmdum er deilt niður á líklegan fjölda ára með hliðsjón af umfangi verkefnisins í hverju sveitarfélagi.
- Dregið er frá lágmarks framlag íbúa og sveitarfélaga (350.000 kr. pr. tengingu).
- Einnig er dregið frá áætlað meðal styrkframlag Ísland ljóstengt.

Eftir stendur áætlað eigið fjárframlag hvers sveitarfélags til verkefnisins. Byggðastyrkurinn getur að hámarki orðið 20% af þeirri upphæð.

Úthlutun styrkja

Tafla 2 sýnir þau sveitarfélög sem fá sérstakan byggðastyrk árið 2017. Styrkupp hæðin er tilgreind í töflunni og eyrnamerkt neðangreindum sveitarfélögum. Sjái eitthvað neðangreint sveitarfélag sér ekki fært að fara í framkvæmdir á árinu þá getur óráðstafaður styrkur safnast upp og færst milli ára og kemur þá ekki til útborgunar árið 2017. Byggðastyrknum má eingöngu ráðstafa til ljósleiðaraverkefna í sveitarfélaginu. Upphæð og úthlutun byggðastyrks næstu ár verður ákvörðuð með tilliti til framvindu Ísland ljóstengt ár hvert.

Miðað er við að byggðastyrkur sé að hámarki 20% af kostnaðarhlut sveitarfélags að ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins lokinni (að undanskildu lágmarksframlagi íbúa og sveitarfélaga). Sem dæmi ef kostnaðarhlutur sveitarfélags við verklok er 50 m.kr. þá má úthlutaður byggðastyrkur að hámarki vera 10 m.kr. Styrk á árinu 2017 fylgir ekki skuldbinding um frekari styrk á árinu 2018 eða síðar, upphæð og styrkhlutfall kemur til endurskoðunar árlega líkt og aðrir skilmálar.

Tafla 2 Byggðastyrkur 2017 vegna ljósleiðaravæðingar

SFNR	Sveitarfélag	byggðastyrkur
3609	Borgarbyggð	12.100.000
7613	Breiðdalshreppur	4.100.000
3811	Dalabyggð	5.800.000
7617	Djúpavogshreppur	5.100.000
7620	Fljótsdalshérað	9.500.000
8710	Hrunamannahreppur	2.000.000
5508	Húnaþing vestra	4.300.000
4200	Ísafjarðarbær	4.100.000
4902	Kaldrananeshreppur	3.900.000
6709	Langanesbyggð	6.400.000
8613	Rangárþing eystra	3.400.000
4502	Reykholahreppur	6.500.000
8509	Skaftárhreppur	6.800.000
4911	Strandabyggð	1.000.000
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	9.800.000
4604	Tálknafjarðarhreppur	1.700.000
4607	Vesturbyggð	5.900.000
7502	Vopnafjarðarhreppur	4.300.000
6612	Þingeyjarsveit	3.300.000

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Greiðsla styrkja

Byggðastyrkur verður greiddur út í samræmi við úthlutunnar fyrirkomulag verkefnisins Ísland ljóstengt.

Endurgreiðsla styrkja

Komi til þess að sveitarfélag selji ljósleiðarakerfið innan 10 ára frá styrkveitingu fyrir jafnháa eða hærri upphæð en sem nemur bókfærðum byggingarkostnaði, framreiknuðum til söludags samkvæmt byggingarvísitölu, þá skal það endurgreiða veittan byggðastyrk. Ef söluverð er lægra en nemur sama byggingarkostnaði þá skal á sama máta endurgreiða fjárhæð sem jafngildir hlutfalli byggðastyrks í byggingarkostnaðinum.